

*Alþingi  
Erindi nr. P 133/384  
komudagur 28.11. 2006*

**Ríkisútvarpið ohf.**

**Skýrsla matsnefndar vegna  
stofnefnahagsreiknings**

Reykjavík, 28. nóvember 2006

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
2. Skipun matsnefndar, afmörkun á verkefni og verklag.....	9
3. Mat eigna og skulda Ríkisútvarpsins .....	11
3.1. Varanlegir rekstrarfjármunir.....	12
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi .....	12
Dreifikerfi.....	13
Áhöld, tæki, innréttingar og bifreiðar .....	15
Aðrir fastafjármunir .....	15
3.2. Veltufjármunir .....	16
Vörubirgðir – Keypt réttindi og eigin framleiðsla .....	16
Skammtímakröfur .....	16
Handbært fé.....	16
3.3. Aðrar eignir.....	16
3.4. Skuldir.....	17
3.5. Drög að stofnefnahagsreikningi .....	17
4. Mat samkvæmt núvirtu sjóðstreymi.....	19
4.1. Rekstrarafkoma og sjóðstreymi .....	19
4.2. Fjárfesting .....	20
4.3. Fjármögnun.....	20
4.4. Ávöxtunarkrafa.....	21
4.5. Verðmat .....	21

## 1. Inngangur

Menntamálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Samkvæmt því er Ríkisútvarpið ohf. sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og leggur ríkissjóður skv. bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu „allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins“.

Frumvarpið, sem lagt var fram á Alþingi 4. október 2006, er samið á vegum menntamálaráðuneytisins og byggist á frumvarpi um Ríkisútvarpið hf., sem lagt var fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Í nýja frumvarpinu eru nokkrar breytingar frá fyrra frumvarpi sem taka mið af tillögum meirihluta menntamálanefndar í nefndarálitum við þingmeðferð á síðasta þingi.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu eru rakin helstu nýmæli þess en þar segir m.a.:

Í fyrsta lagi er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og rekstur yfirfærður í félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins. Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2009 og lagt til að rekstur hlutafélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, framlagi af fjárlögum, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann að ákveða sérstaklega. Í þriðja lagi er stjórnun félagsins breytt. Þessi breyting er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er ytra eftirlit útvarpsráðs lagt af með niðurlagningu þess og hins vegar er innra eftirlit framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins lagt niður. Gerir breytingin því ráð fyrir því að hlutafélagið verði rekið á rekstrarlegum forsendum og stjórnunarvald fyrirtækisins verði alfarið í höndum stjórnar þess. Í fjórða lagi er skilgreint hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins. Gerður er skýr greinarmunur á útvarpsþjónustu í almannabágu, sem er skilgreind með ítarlegum hætti, og annarri starfsemi. Í samræmi við það er í fimmta lagi mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannabágu, eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins, og alls annars reksturs sem ekki fellur undir þá skilgreiningu, þar á meðal samkeppnisreksturs.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Ekki er mælt fyrir um þá breytingu í þessum lögum, en ráðgert er að leggja fram frumvarp um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem m.a. verður felld niður greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Í athugasemdum frumvarpsins er einnig gerð grein fyrir ástæðum þess að lagt er til að rekstrarformi fyrirtækisins verði breytt úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag, en þar segir:

Þar sem ríkið rekur útvarpsstarfsemi verður að gera þá kröfu að sá rekstur sé eins hagkvæmur og við verður komið. Þykir þetta best verða gert þannig að fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins verði hagað sem líkast rekstri einkafyrirtækis. Það er þekkt víða í Evrópu að ríkisútvarpsstöðvarnar séu reknar af sjálfstæðum félögum. Af Norðurlöndunum má nefna að í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hafa verið stofnuð hlutafélög um rekstur ríkisútvarpsstöðvanna (í Svíþjóð eru hlutafélögin að vísu í eigu sérstakra stofnana). Í Danmörku er Danmarks Radio sjálfstæð ríkisstofnun með sama hætti og íslenska Ríkisútvarpið er nú.

Helstu kostir þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins í hlutafélagsform þykja vera þessir: Ábyrgð stjórnenda verður aukin og þeir verða sjálfstæðari í störfum sínum. Með breytingu í hlutafélag gefst færi á að skilgreina verka-skiptingu á milli daglegra stjórnenda og stjórnar. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að skerpa nokkuð skilgreininguna á verkaskiptingunni milli framkvæmdastjóra (útvarpsstjóra) og samstarfsmanna hans og stjórnar (9. og 10. gr.).

Þá þarf hið nýja hlutafélag að skilja á milli fjárhags þess hluta starfseminnar sem fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannabágu og þess hluta starfseminnar sem fellur ekki undir þessa skilgreiningu og er jafnvel í beinni samkeppni við aðra aðila, sbr. 4. og 5. gr. Hins vegar getur sum starfsemi eða þjónusta verið þess eðlis að hún fellur undir skilgreininguna um útvarp í almannabjónustu en er jafnframt í samkeppni við aðra aðila. Verður t.d. að telja netþjónustu Ríkisútvarpsins rúmast innan hugtaksins útvarp í almannabágu skv. 3. gr. en sjálfsagt getur það breyst í tímans rás hvers konar rekstur verður almennt talinn geta flokkast undir útvarpsþjónustu í almannabágu. Ekki má nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað af rekstri sem ekki flokkast undir útvarp í almannabágu.

Að sjálfsögðu er þó ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að Ríkisútvarpið geti eftir rekstrarformsbreytingu ráðist í verkefni sem eru alls óskyld grundvallarhlutverki þess, en hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti eitt sér eða í samvinnu við aðra rekið starfsemi sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr., sbr. 4. gr., en þá er mælt fyrir um það að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 5. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Þykja þannig öll rök mæla með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag þó að ríkið verði áfram eigandi félagsins.

Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. sé rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Í athugasemdum er nánar fjallað um hugtakið útvarp í almannabágu og segir þar m.a.:

Í flestum eða öllum Evrópuríkjum hefur ríkisvaldið um langan aldur staðið að útvarpsrekstri og á því hefur yfirleitt ekki orðið breyting þó að einkaaðilum hafi í seinni tíð einnig verið heimilaður útvarpsrekstur og ríkiseinokun á þessu sviði teljist ekki samrýmast fyrirmælum um tjáningarfrelsi. Eru útvarpsstöðvar, sem reknar eru af ríkjum, hugsaðar sem opinberar þjónustustofnanir („public service broadcasting“). Er ríkisútvarpsstöðvum

ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki sé víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta gera eða flytja. Einnig er sú krafa gerð til ríkisútvarpsstöðvanna að þær tryggi vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og tryggi að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, sem og að um mál sé fjallað málefnalega og af hlutlægni. Á seinni tímum er því m.a. haldið fram að almenningur eigi kröfu á því að geta gengið að einni opinri sjónvarpsrás að minnsta kosti og styðst þessi röksemd við hugmyndina um hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það er skýr stefna í öllum Evrópuríkjum að starfrækt skuli útvarp í almenningsþágu í formi opinberra þjónustufyrirtækja, núorðið víðast hvar við hlið útvarps einkaaðila í viðskiptalegum tilgangi. Til að mynda ítrekaði ráðherranefnd Evrópuráðsins á fundi sínum 11. september 1996 álit sitt um hið nauðsynlega hlutverk útvarps í almannaðágu sem afgerandi þátt í fjölhyggju í fjölmiðlun sem sé aðgengileg fyrir alla, bæði á landsgrundvelli og svæðisbundið, með því að séð sé fyrir viðtækri dagskrárþjónustu er nái til upplýsingar, menntunar, menningar og afþreyingar. Pólitísk öfl innan Evrópusambandsins, þar á meðal ráðherraráð sambandsins, leggja einnig mjög ríka áherslu á rétt ríkjanna til þess að reka útvarp í almannaðágu og rétt einstakra ríkja til þess að skilgreina hlutverk þess. Loks hafa menningarmálaráðherrar Norðurlanda á síðustu árum lýst yfir stuðningi við útvarp í almannaðágu.

Í drögum að þjónustusamningi milli fyrirtækisins og menntamálaráðuneytisins er skilgreint nánar í hverju hinar sérstöku skyldur eru fólgnar og endurgjald sem kemur á móti úr ríkissjóði. Í fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu frá 28. september sl. segir þetta um samninginn:

Menntamálaráðuneytið og Ríkisútvarpið hafa náð samkomulagi um drög að samningi um útvarpsþjónustu í almannaðágu. Hlutverk samningsins er að skilgreina og lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV og þær kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins á grundvelli þess frumvarps sem lagt verður fram á fyrstu dögum þingsins. Gert er ráð fyrir að hann taki gildi samhliða breyttu rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Í samningnum er skilgreint hvaða kröfur eru gerðar til RÚV er varðar hljóðvarps- og sjónvarpsefni, þjónustu á textavarp og veraldarvefnum, menningararf, sjónvarps- og hljóðvarpsdreifingu og þær upplýsingar sem koma eigi fram í ársskýrslu. Þá er gerð ítarleg grein fyrir því með hvaða hætti RÚV skuli halda fjármálum og bókhaldi aðskildu milli þeirrar starfsemi sem varðar útvarpsþjónustu í almannaðágu og þess sem er í samkeppnisrekstri. Er gert ráð fyrir því að samningurinn sé til fimm ára.

Helstu nýmæli í samningnum er stóraukin áhersla á íslenskt efni. Er mælt fyrir um það í samningnum að hlutfall íslensks efnis á kjörtíma aukist um tæp 50% á samningstímanum.

Þá mun fjöldi textaðra klukkustunda aukast um 100% frá upphafi samningstímabilsins til loka þess. Þá er stefnt að því að öll forunnin innlend dagskrá verði textuð í lok samningstímabilsins. RÚV mun jafnframt gegna veigamiklu hlutverki í að styrkja og efla nýsköpun í dagskrárgerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum.

Í samningnum skuldbindur RÚV sig til að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru

sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 milljónum króna á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 milljónir króna og verður við lok samningstímabilsins 250 milljónir.

Þá er stefnt að því á samningstímanum að ná heildarsamkomulagi við réttihafa um viðtækari notkun á eldra safnaefni til að gera það aðgengilegra almenningi.

Þjónustusamningar hafa verið gerðir við ríkisfjölmíðla í ýmsum Evrópuríkjum. Má nefna lönd eins og Danmörku, Svíþjóð, Belgíu, Frakkland og Írland. Verið er að undirbúa slíka samninga í fleiri löndum þar sem ríkari krafa er nú gerð um að útvarpsþjónusta í almannabágu sé vel skilgreind og haldið aðskilinni frá starfsemi í samkeppnisrekstri.

Af þessu má ráða að stjórnvöld ætla Ríkisútvarpinu ohf. áfram ákveðna sérstöðu umfram aðrar sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Jafnframt hefur komið fram, eins og síðar er vikið að, að ekki er ætlunin að fyrirtækið sé rekið í hagnaðarskyni.

Í frumvarpinu kemur fram að menntamálaráðherra ákveði heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal hún greiddast úr ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá hlutafélagaskrá.

Þá er gert ráð fyrir að eldri lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falli úr gildi 1. janúar 2007 og að Ríkisútvarpið ohf. taki við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið sé Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs. Jafnframt skal Ríkisútvarpið ohf. yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

## 2. Skipun matsnefndar, afmörkun á verkefni og verklag

Menntamálaráðuneytið skipaði með bréfi dags. 24. apríl 2006 nefnd sem ætlað er að skila sérfræðiskýrslu er fylgi stofnsamningi Ríkisútvarpsins ehf., sbr. 6. og 7. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum. Ennfremur var nefndinni falið að gera drög að upphafsefnahagsreikningi fyrir félagið. Í nefndina voru skipaðir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi sem formaður, Eyjólfur Valdimarsson, verkfræðingur hjá RÚV, og Matthías Þór Óskarsson, endurskoðandi hjá KPMG. Jón Loftur Björnsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, starfaði auk þess með nefndinni.

Í 6. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 eru ákvæði um mat eigna sem hlutafélag tekur við sem greiðslu á stofnfé. Þessi ákvæði gilda um stofnun hlutafélaga í eigu ríkisins nema annað sé tekið fram í lögum sem kunna að vera sett sérstaklega um stofnun hvers félags. Fyrirnefnd lagagrein kveður á um að eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, þ.e. ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé eða ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum, frá stofnendum eða öðrum, skuli sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs.

Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Verkefni nefndarinnar fólst í að leggja mat á eignir og skuldir Ríkisútvarpsins og koma með tillögu að stofnefnahagsreikningi fyrir hið nýja hlutafélag. Í því skyni voru í meginatriðum notaðar tvær aðferðir. Annars vegar var stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna endurmetið með hliðsjón af ætluðu markaðsverði auk þess sem lagt var mat á aðrar eignir skráðar sem óskráðar, hins vegar var virði rekstrarins metið með núvirtu sjóðstreymi. Nánar er fjallað um forsendur að baki þessum aðferðum síðar í skýrslunni.

Nefndin starfaði á tímabilinu 25. apríl til 28. nóvember 2006. Hún átti alls 13 formlega fundi auk óformlegra vinnufunda. Fundað var með ýmsum aðilum sem tengjast málinu, en það voru frá Ríkisútvarpinu Páll Magnússon

útvarpsstjóri, Guðmundur Gylfi Guðmundsson framkvæmdastjóri, Þorsteinn Þorsteinsson forstöðumaður og Haraldur Jónasson deildarstjóri. Einnig var rætt við Birki Leósson, endurskoðanda RÚV. Þá fundaði nefndin með starfsmönnum menntamálaráðuneytis, þeim Guðmundi Árnasyni ráðuneytisstjóra, Gísli Þór Magnússyni og Vali Árnasyni skrifstofustjórum og Auði Björgu Árnadóttur deildarsérfræðingi. Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, fundaði auk þess með nefndinni.



### 3. Mat eigna og skulda Ríkisútvarpsins

Við mat eigna og skulda Ríkisútvarpsins lagði matsnefndin til grundvallar efnahagsreikning Ríkisútvarpsins pr. 31.12.2005 og árshlutareikning pr. 30.06.2006, að teknu tilliti til breytinga sem rétt þótti að gera og gerð er grein fyrir hér á eftir.

Ársreikningur 2005 er áritaður fullri endurskoðun þann 5. maí 2006 af Deloitte hf. í umboði Ríkisendurskoðunar. Þar kemur fram að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu RÚV á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingum á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við yfirferð á ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2005 er ekkert sem bendir til að öðrum reikningsskilaaðferðum sé beitt en notaðar eru við gerð ársreiknings hlutafélags sem og svipuðum aðferðum beitt við mat eigna og skulda.

Einnig liggur fyrir árshlutauppgjör Ríkisútvarpsins vegna fyrri árshelming 2006, dags. 11. október 2006. Þar kemur fram að endurskoðandi hafi kannað árshlutareikninginn en slík könnun veiti minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Að undanskildum þeim fyrirvara leiddi könnun endurskoðanda ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1/1 – 30/6 2006, efnahag þess 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1/1 – 30/6 2006, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Þar sem stofnefnahagsreikningur Ríkisútvarpsins ohf. verður dagsettur pr. 1.1. 2007 þarf í byrjun árs í tengslum við gerð ársreiknings Ríkisútvarpsins fyrir 2006 að sannreyna að verðmat eigna og skulda hafi ekki breyst markvert frá þeirri niðurstöðu sem fram kemur í þessari matskýrslu. Einnig er gengið út frá því að staða peningalegra eigna sem og skulda verði færð í stofnefnahagsreikning miðað við stöðu skv. efnahagsreikningi Ríkisútvarpsins pr. 31.12.2006 að teknu tilliti til mögulegra breytinga á skuldasetningu.

Samkvæmt árshlutareikningi pr. 30.6.2006 námu heildareignir RÚV um 4.562,1 m.kr., þar af voru fastafjármunir 3.535,1 m.kr. og veltufjármunir 1.027,0 m.kr. Heildarskuldir stofnunarinnar námu á sama tíma 5.168,4 m.kr. og eigið fé var neikvætt um 606,3 m.kr.

Vinna nefndarinnar hefur ekki leitt til þess að eignir hafi fundist sem ekki eru skráðar með einum eða öðrum hætti í ársreikningi félagsins. Hér á eftir er fjallað um hvern eignaflokk og lagt mat á hvort um vanmat eða ofmat sé að ræða. Umfjölluninni er skipt í samræmi við flokkun í ársreikningi.

### 3.1. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### *Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi*

Bókfært verð fasteigna og lóða RÚV þann 30. júní 2006 var samtals 2.590,3 m.kr.

Verðmætasta einstaka eign RÚV samkvæmt efnahagsreikningi er fasteignin að Efstaleiti 1 sem er bókfærð á 2.554,1 m.kr. skv. árshlutareikningi. Þar er um að ræða 16.300 m<sup>2</sup> byggingu sem stendur á 43.915 m<sup>2</sup> leigulóð. Heildarstofnverð eignarinnar er 3.567,0 m.kr. og búið er að afskrifa fasteignina um 1.012,9 m.kr. frá því að hún var tekin í notkun. Eignin er afskrifuð um 2% árlega. Fasteigna- og lóðamat eignarinnar var 2.762,1 m.kr. og brunabótamat 2.073,7 m.kr. í árslok 2005.

Samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis mun hluti lóðarinnar við Efstaleiti sem ekki er talin nýtast starfsemi RÚV ekki færast til hins nýja félags. RÚV ohf. mun hins vegar halda eftir lóðarhlutum sem húsið stendur á og vegna hugsanlegra stækkunarmöguleika þess, stærstum hluta bílastæða og öryggissvæði í kringum loftnetsdiska. Að tillögu RÚV var einnig undanskilinn hluti lóðar milli húss og götu sem ekki er talinn nýtingarhæfur einn og sér. Ekki hefur endanlega verið ákveðið með hvaða hætti heppilegast sé að skipta lóðinni til að hámarka verðmæti hvors hluta.

Fasteignir og lóðir voru metnar af Ríkiskaupum sbr. greinargerðir dags. 15. ágúst, 11. september og 24. nóvember 2006.

Niðurstaða Ríkiskaupa var að verðmæti hússins væri 2.963,7 m.kr. sem þýðir að verðmæti þess hækkar um 409,5 m.kr. frá bókfærðu verði.

Þá kemur einnig fram í matinu að verðmæti eru fólgin í stórra lóð kringum húsið, en hafa þarf hugfast að um leigulóð er að ræða og óvissa er um ráðstöfunarrétt stofnunarinnar á lóðinni og skipulag. Í mati Ríkiskaupa er þannig gerður fyrirvari um nýtingarhlutfall lóðarinnar við Efstaleiti, er þar var gengið út frá hlutfallinu 0,7 sem gæfi 14.516 m<sup>2</sup> byggingarmagn til viðbótar núverandi byggingum. Miðað við 35.000 kr. verð á fermetra gerir það 508,1 m.kr. Miðað við fyrirhugaða skiptingu á lóðinni er verðmæti þess hlutar sem færast til RÚV ohf. 228,9 m.kr. en það sem eftir er má verðleggja á 279,2 m.kr. Ef til þess kemur að lóðahluti undir bílastæði á NV-hluta lóðarinnar færast einnig yfir til félagsins má hækka hlut þess um 69,4 m.kr.

## Skipting áætlaðs byggingarmagns eftir lóðarhlutum

Fjárhæðir í kr.	Stærð m <sup>2</sup>	Ónýtt bygg.m.	Verð pr. m <sup>2</sup>	Verð
<i>Lóðarhluti sem verður eftir</i>				
Norðurhluti lóðarinnar	6.000	7.976	35.000	279.153.846 279.153.846
<i>Lóðarhlutar sem færast yfir</i>				
Norðan megin, næst útvarpshúsinu	3.420	4.546	35.000	159.117.692
Norðan við loftnetsdiska	1.500	1.994	35.000	69.788.462 228.906.154
Samtals	10.920	14.516		508.060.000

Fasteign RÚV við Miðvang 2-4 á Egilsstöðum er bókfærð á 25,0 m.kr. Samkvæmt mati Ríkiskaupa er verðmæti fasteignarinnar 30,3 m.kr. Verðhækkun miðað við bókfært verð er þannig 5,2 m.kr.

Vatnsendastöð (hús og lóð) er bókfærð á 11,1 m.kr. Stöðin er 680 m<sup>2</sup> og stendur á 7,5 ha (75.000 m<sup>2</sup>) leigulóð en ekki hefur legið alveg skýrt fyrir um eigna- og ráðstöfunarrétt RÚV vegna lóðarinnar. Ríkiskaup mátu verðmæti hússins 35,7 m.kr. sem þýðir hækkun um 24,6 m.kr. frá bókfærðu verði. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að Vatnsendalóðin færist ekki til RÚV ohf. heldur verði félaginu fengin afnotaréttur af henni fyrst um sinn. Ríkiskaup mátu verðmæti lóðarinnar á 600 m.kr. en tekið skal fram að talsverð óvissa getur verið um matsverð lóða sem þessarar. Það er jafnframt ljóst að ef lóðin verður seld þarf RÚV ohf. að leggja út í töluverðan kostnað við að koma upp nýrri aðstöðu vegna loftnets og sendibúnaðar. Ekki hefur verið tekið tillit til slíks í tillögu að stofnefnahagsreikningi heldur er gengið út frá því að ríkið muni sjá til þess að félagið geti mætt þeim kostnaði ef og þegar þar að kemur.

### Dreifikerfi

Dreifikerfi stofnunarinnar er bókfært á 269,7 m.kr. í árshlutareikningi pr. 30. júní 2006. Heildarstofnverð kerfisins nam 2.122,4 m.kr. og hefur það verið afskrifað á mislöngum tíma eftir eðli eða frá 2-12% árlegri afskrift. Samanlagðar afskriftir nema 1.852,7 m.kr.

Stofnunin á töluverðan fjölda af byggingum um land allt sem hýsa senda og annan búnað dreifikerfisins. Aðeins hluti þessara bygginga eru í fasteignamati. Þessar eignir hafa í flestum tilvikum verið fullafskrifaðar.

Ýmis álitamál eru við að komast að eðlilegu matsverði dreifikerfisins í stofnefnahagsreikningi. Ljóst er að stórir hlutar kerfisins eru komnir til ára sinna og mun á næstu árum þurfa að endurnýja þá, bæði vegna síaukins

viðhaldskostnaðar, erfiðleika við að útvega varahluti og tæknilegrar úreldingar. Telja verður að markaður fyrir stóran hluta búnaðarins sé mjög takmarkaður, hvort sem er hér á landi eða í nágrannalöndum, og því liggur ekki fyrir markaðsverð né er yfirleitt líklegt að koma megi honum í verð. Í nágrannalöndum eru útsendingar sjónvarps og jafnvel líka útvarps að færast yfir í stafrænt form. Þessi tækni er bæði ódýrari og tryggir meiri bandvídd og gæði en eldri hliðræn útsendingartækni. Hjá RÚV liggja fyrir útreikningar sem berða til að stofnkostnaður við nýtt stafrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp með 5 útsendingarrásum og ámóta útbreiðslu og eldra kerfið muni kosta um 900 m.kr. eða innan við 200 m.kr. við hverja rás.

Á móti kemur að núverandi dreifikerfi hefur að mestu verið afskrifað og er af þeim sökum tiltölulega ódýrt fyrir RÚV. Það tryggir um leið mikla útbreiðslu um allt land á sjónvarps og útvarpsefni. Núverandi dreifikerfi kemur til með að nýtast fyrirtækinu vel allra næstu árin eða þar til tæknileg úrelding og vaxandi viðhaldspörf kalla á fjárfestingu í nýju dreifikerfi. Eins og rakið er síðar í þessari skýrslu er reyndar strax gert ráð fyrir töluverðri fjárfestingarpörf í búnaði hjá RÚV ohf. vegna mikilla framfara í tæknimálum. Jafnvel hefur komið fram sú skoðun að dreifikerfi RÚV muni færast yfir á önnur dreifikerfi í framtíðinni.

Matsnefndin ákvað að fara þá leið að óska eftir að starfsmenn RÚV legðu mat á verðmæti senda og annars tækjabúnaðar dreifikerfisins. Fulltrúi RÚV í matsnefndinni hafði yfirumsjón með þeirri vinnu. Þessar eignir voru listaðar upp og mat lagt á verðmæti þeirra að teknu tilliti til aldurs, ástands og notkunargildis. Jafnframt var hugsanlegt markaðsvirði haft til hliðsjónar. Niðurstaðan af þessu var að verðmæti dreifikerfisins væri 371,3 m.kr. sem er 10,6 m.kr. hækkun frá bókfærðu verðmæti.

Eins og fram kemur í kafla 4 hér á eftir var óskað eftir rekstraráætlun RÚV til næstu 10 ára auk fjárfestingaráætlunar. Á grundvelli þessara gagna og ákveðinna gefinna forsenda varðandi arðsemiskröfu, fjármögnun og þess háttar var lagt mat á mögulega viðskiptavild RÚV út frá núvirtu rekstrarvirði og þannig kannað hvort um yfirverð væri að ræða umfram bókfært eigið fé. Niðurstöður skoðunarinnar voru að yfirverð umfram bókfært eigið fé námi um 162,0 m.kr. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að umrædd viðskiptavild skyldi ekki sýnd sérstaklega heldur færð til hækkunar á verðmæti dreifikerfisins enda talin tengjast því að verulegu leyti. Útreikningurinn er háður ýmsum forsendum um framtíðarrekstur fyrirtækisins, m.a. ákvæðum væntanlegs þjónustusamnings og áhrifum af breytingu á rekstrarformi RÚV í hlutafélag. Að teknu tilliti til þessarar hækkunar nemur verðmæti dreifikerfisins 531,3 m.kr. Nánar er fjallað um útreikning rekstrarvirðis í 4. kafla skýrslunnar.

Tengið skal fram að endurmat á dreifikerfinu og öðrum fastafjármunum RÚV ohf. til hækkunar leiðir til meiri gjaldfærslu á afskriftum til framtíðar.

### *Áhöld, tæki, innréttingar og bifreiðar*

Áhöld, tæki og innréttingar voru eignfærð á 659,0 m.kr. í árshlutareikningi pr. 30. júní 2006. Heildarstofnverð þessara eigna var 6.300,0 m.kr. og samanlagðar afskriftir 5.641,0. Eignirnar eru afskrifaðar um 7-20% á ári.

Matsnefndin fékk Ríkiskaup til að meta verðmæti húsgagna og innréttinga. Bifreiðaeign RÚV var einnig metin af Ríkiskaupum.

Aðrar eignir, s.s tæknibúnaður, voru metnar af starfsmönnum RÚV samkvæmt fyrirmælum matsnefndar. Eignir stofnunarinnar voru listaðar upp og lagt mat á verðmæti þeirra og tekið tillit til aldurs, ástands og notkunargildis. Áætlað markaðsvirði var haft til hliðsjónar.

Niðurstaða af þessu mati var að verðmæti áhalda, tækja, innréttinga og bifreiða væri samtals 563,2 m.kr. sem er 95,8 m.kr. undir bókfærðu verði.

Skýring á að matsverð er undir bókfærðu verði liggur m.a. í því að á meðal eigna er búnaður sem hætt er að nota og hefur verið afskrifaður að fullu niður í hrakvirði. Slíkar eignir hafa sjálfsagt lítið sem ekkert markaðsvirði en geta engu að síður haft ákveðið notagildi fyrir stofnunina auk söfnunargildis.

### *Aðrir fastafjármunir*

Aðrar eignir félagsins eru listaverk og hljóðfæri sem í árshlutareikningi pr. 30. júní 2006 voru eignfærð á 16,1 m.kr. Heildarstofnverð þeirra nam 30,7 m.kr. og samanlagðar afskriftir 14,8 m.kr.

Við rekstrarlegan aðskilnað RÚV og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt Ríkisútvarpið eftir tveimur fiðlum og einni víólu. Áætlað markaðsverð þessara þriggja hljóðfæra gæti numið yfir 200 m.kr. og er þá aðallega lítið til Guarnerius del Gesu fiðlu frá árinu 1728. Tryggingarverðmæti fiðlunnar er 2,85 milljónir bandaríkjadala samkvæmt tryggingarskírteini frá 29. júní 2001. Það liggur fyrir að umrædd hljóðfæri verða ekki hluti af eignum RÚV ohf. og hefur því ekki verið tekið tillit til verðmætis þeirra.

Önnur hljóðfæri voru metin af tveimur starfsmönnum RÚV, Bjarna Rúnari Bjarnasyni og Rúnari Gunnarssyni, sbr. skjal dags. 11.9.2006. Þar er um að ræða þrjú Steinway flygla og einn Bösendorfer flygil, samtals að verðmæti um 9,5 m.kr.

RÚV á töluvert safn listaverka, þar á meðal þrjú stór verk eftir Gunnlaug Scheving. Listaverkaeign RÚV var metin af Hilmari Einarssyni hjá Morkinskinnu á samtals 52,6 m.kr., þar af þrjú fyrnefnd verk á 40 m.kr.

### **3.2. Veltufjármunir**

#### *Vörubirgðir – Keypt réttindi og eigin framleiðsla*

Samkvæmt skýringu í árshlutareikningi pr. 30. júní 2006 hefur stofnunin fært til eignar sem birgðir 255,2 m.kr. vegna sýningarréttar og eigin framleiðslu. Um er að ræða kostnaðarverð að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Því til viðbótar hefur stofnunin gert samninga við aðila um kaup á efni og skuldbundið sig í samstarf fyrir samtals 174,6 m.kr. sem ekki eru færðar í efnahagsreikningi, þ.e hvorki sem eign eða skuld. Í drögum að stofnefnahagsreikningi hefur þessi fjárhæð verið færð til hækkunar á keyptum réttindum og til hækkunar á skammtímaskuldum. Með öðrum orðum fela þessi viðskipti ekki í sér virðisauka fyrir stofnunina.

Matsnefndin hefur ekki lagt mat á virði gamals dagskrárefnis sem er fært í efnahagsreikningi RÚV í dag á óverulegri fjárhæð. Telja verður að markaðsvirði þessa efnis sé ekki umtalsvert en þetta efni nýtist hins vegar við margvíslega dagskrárgerð og hefur auk þess skilað nokkrum tekjum vegna sölu afnotaréttar. Hins vegar er ljóst að margt af þessu efni hefur mikið menningar- og sögulegt gildi fyrir þjóðina enda sambærilegt efni ekki til í sama mæli annars staðar.

#### *Skammtímakröfur*

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur RÚV nema samtals 362,0 m.kr. skv. árshlutareikningi. Eðlilegt er að staða þessara krafna í árslok 2006 færist yfir til hins nýja félags og komi fram í stofnefnahagsreikningi þess 1. janúar 2007.

Eitt atriði sem til álita kom var hvort breyting frá afnotagjöldum í skattlagningu hefði mögulega þau áhrif að erfiðara yrði að innheimta eldri afnotagjöld, t.d. vegna þess að fólk telji sér ekki lengur skylt að standa skil á afnotagjöldum í kerfi sem lagt hefur verið niður eða innheimtu yrði verr sinnt. Matsnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að varúðarniðurfærsla á kröfum í efnahagsreikningi RÚV eigi að geta mætt núverandi og fyrirsjáanlegri áhættu vegna tapaðra krafna.

#### *Handbært fé*

Handbært fé fyrirtækisins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum, samtals 409,7 m.kr. skv. árshlutareikningi pr. 30. júní 2006.

### **3.3 Aðrar eignir**

Matsnefndin telur ekki ástæðu til að meta sérstaklega upp safn af gömlum útvarps- og sjónvarpstækjum. Markaðsvirði þessara eigna er ef að líkum lætur óverulegt, en þau kunna að hafa mikið söfnunar- og menningarsögulegt gildi.

Sama máli gegnir um búninga- og leikmunasafn stofnunarinnar. Markaðsvirði búninga og leikmuna er óverulegt en þessi söfn hafa mikið notagildi fyrir stofnunina þar sem tilvera þeirra sparar tíma og kostnað þegar kemur að gerð ýmiss konar dagskrárefnis.

### 3.4 Skuldir

Langtímaskuldir og skuldbindingar stofnunarinnar námu 3.303,2 m.kr. skv. árshlutareikningi pr. 30. júní 2006. Þar af er skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna uppgjörs á lífeyrissjóðsskuldbindingu vegna starfsmanna stofnunarinnar 2.734,2 m.kr. Hlutfélagið yfirtekur þetta skuldabréf og er það því fært upp í stofnefnahagsreikningi þess. Það lítur hins vegar út fyrir að eldri skuldbindingar vegna lífeyris hafi ekki verið að fullu gerðar upp með skuldabréfinu enda taka þær breytingum frá ári til árs. Ákveðið hefur verið að ríkissjóður beri kostnað við slík umframútgjöld. Hins vegar mun félagið alfarið bera kostnað vegna lífeyrisskuldbindinga sem stofnast eftir að það hefur starfsemi, þ.e. frá og með árinu 2007.

Samkvæmt starfsmannahaldi RÚV eiga um 163 starfsmenn biðlaunarétt að fjárhæð um 467 m.kr. og hefur verið ákveðið að nýja félagið taki á sig hugsanlegar skuldbindingar vegna þessa. Í rekstraráætlun félagsins er gert ráð fyrir ákveðnum kostnaði vegna biðlauna. Matsnefndin telur ekki rétt að færa biðlaunarétt til skuldar í drögum að stofnefnahagsreikningi þar sem mikil óvissa er um hvernig á hann reynir en eðlilegt er að geta hans í skýringum með reikningnum.

Meðal skammtímaskulda er fært ógreitt en gjaldfært framlag til Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Samkvæmt árshlutareikningi nam skuldin 692,2 m.kr. þann 30. júní 2006. Þessi skuld er í raun við ríkissjóð sem innt hefur af hendi framlagið til hljómsveitarinnar. Þessu til viðbótar skuldaði RÚV ríkissjóði vegna launa samtals 453,0 m.kr. Heildarskuld RÚV við ríkissjóð nam 1.145,2 m.kr.

Í meðfylgjandi stofnefnahagsreikningi eru 625 m.kr. færðar til lækkunar á skuld RÚV við ríkissjóð til að ná 15% eiginfjárlutfalli sem stjórnvöld hafa ákveðið að verði í byrjun hjá hinu nýja félagi. Einnig koma fimm milljónir króna til lækkunar á skuldinni sem hlutfjárframlag ríkissjóðs í samræmi við ákvæði lagafrumvarpsins um stofnun RÚV ohf. Gert er ráð fyrir að það sem eftir er af skuldum við ríkissjóð, samtals 520,2 m.kr., verði sett á vaxtaberandi skuldabréf.

### 3.5 Drög að stofnefnahagsreikningi

Hér á eftir fylgja drög að stofnefnahagsreikningi félagsins. Miðað við árshluta-reikning pr. 30. júní 2006 var eigið fé neikvætt um 606,3 m.kr. Endurmat eigna og niðurfelling hluta skulda við ríkissjóð leiðir til þess að áætlað er að eigið fé félagsins verði 839,7 m.kr. í ársbyrjun 2007 sem er um 15% af eignum. Skoða þarf þá niðurstöðu í ljósi ársreiknings RÚV fyrir 2006 þegar hann liggur fyrir.

## Eignir

	30.6.2006	Endurmat og aðrar breytingar	Drög að stofn- efnahagsreikningi
<b>Fastafjármunir:</b>			
Fasteignir og lóðir .....	2.590.258	668.282	3.258.540
Dreifikerfi .....	269.714	266.612	536.326
Húsgögn og tæki .....	640.039	( 104.437)	535.602
Bifreiðar og flutningatæki .....	18.973	8.642	27.615
Aðrar eignir .....	16.126	49.574	65.700
Fastafjármunir	<u>3.535.108</u>	<u>888.675</u>	<u>4.423.783</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Keypt réttindi og eigin framleiðsla .....	255.224	170.500	425.724
Útistandandi afnotagjöld og auglýsingar .....	333.995		333.995
Aðrar skammtímakröfur .....	28.030		28.030
Sjóður og bankainnistæður .....	409.728		409.728
Veltufjármunir	<u>1.026.977</u>	<u>170.500</u>	<u>1.197.477</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>4.562.085</u></u>	<u><u>1.059.175</u></u>	<u><u>5.621.260</u></u>

## Eigið fé og skuldir

### Eigið fé:

Hlutfé .....	0	1.447.357	839.723
Afmælissjóður Ríkisútvarpsins .....	1.351	( 1.351)	0
Óráðstafað eigið fé .....	( 607.634)		
Eigið fé	<u>( 606.283)</u>	<u>1.446.006</u>	<u>839.723</u>

### Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir og LSR .....	3.282.000		3.282.000
Fjármögnunarleigusamningar .....	21.173		21.173
	<u>3.303.173</u>	<u>0</u>	<u>3.303.173</u>

### Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir .....	253.731	170.500	424.231
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	212.640		212.640
Ríkissj., Sinfóníuhljóms. Ísl. ....	692.151	( 200.331)	491.820
Aðrar skammtímaskuldir .....	706.673	( 357.000)	349.673
	<u>1.865.195</u>	<u>( 386.831)</u>	<u>1.478.364</u>
Skuldir samtals	<u>5.168.368</u>	<u>( 386.831)</u>	<u>4.781.537</u>

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>4.562.085</u></u>	<u><u>1.059.175</u></u>	<u><u>5.621.260</u></u>
------------------------------------	-------------------------	-------------------------	-------------------------



## 4. Mat samkvæmt núvirtu sjóðstreymi

Til samanburðar við endurmat eigna og skulda sem fjallað er um í 3. kafla var til hliðsjónar skoðað mögulegt virði rekstrar RÚV byggt á núvirtu frjálsu sjóðstreymi. Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum og niðurstöðum af því verðmati. Tekið skal fram að rekstraráætlun er unnin á föstu verðlagi og í þeim tilgangi að reikna fram innra virði. Þar sem langtímalán eru verðtryggð mun fjármagnskostnaður hafa veruleg áhrif í verðbólgu og rekstrarafkoma einstakra ára breytast sem því nemur.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun RÚV fyrir tímabilið 2007 til 2016 og forsendum fyrir henni með bréfi dags. 14. nóvember 2006. Í bréfi menntamálaráðuneytisins til RÚV kemur fram að ráðuneytið fallist á þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar rekstraráætluninni. Ennfremur kemur þar fram að ráðuneytið miði við að afkoma félagsins verði að jafnaði jákvæð og félagið rekið með hóflegum arði.

### 4.1. Rekstrarafkoma og sjóðstreymi

Rekstrarreikningur er byggður á framlagðri rekstraráætlun frá RÚV frá ársbyrjun 2007 til loka ársins 2016, þó þannig að reksturinn var settur á fast verðlag og útreikningur vaxta og afskrifta byggður á stofnefnahagsreikningi.

Sjóðstreymi er byggt á rekstrarreikningi að teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymið (t.d. afskriftir), fjárfestinga og fjármögnunar. Eftir að áætlunartímabilinu lýkur 2016 er reiknað með 1% árlegum vexti.

Gert er ráð fyrir því að breyting í hlutafélag og væntanlegur þjónustusamningur hafi eftirfarandi áhrif á rekstur RÚV ohf.:

- Tekjur hækka milli ára vegna 8% hækkunar afnotagjalda frá 1. október 2006. Gert er ráð fyrir að tekjur frá ríkinu greiðist mánaðarlega til RÚV.
- Tekjur aukast að raungildi um 1% á ári vegna mannfjölgunar.
- Gert er ráð fyrir 0,8% raunhækkun launa milli 2006 og 2007 en 1,2% árlega upp frá því.
- Viðbótarkostnaður vegna þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið er áætlaður eins og fram kemur í töflu hér á eftir. Hagræðing vegna annarra þátta mætir að hluta til þessum kostnaði.
- Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands fellur niður árið 2007. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna þjónustusamnings milli SÍ og RÚV.
- Afnotadeild verður lokað árið 2008 og kostnaður við innheimtu eldri skulda er áætlaður 10 m.kr. hvort ár 2008 og 2009.
- Gert er ráð fyrir kostnaði hjá RÚV vegna biðlaunaréttar 2007 - 2009.

- Ekki er tekið tillit til mögulegrar kostnaðarlækkunar við breytingar á dreifikerfi.

### Kostnaður við þjónustusamning

Í m.kr.	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013-16 <sup>*)</sup>
Aukin textun	4	4	4	4	4	4	4
Net og textavarp	10	10	10	10	10	10	10
Aukið dagskráefni		50	100	230	400	400	400
Yfirfærsla á safnaefni		30	30	30	30	15	
Starfskynning	5	5	5	5	5	5	5
Samtals	19	99	149	279	449	434	419
Hagræðing	-15	-66	-121	-164	-200	-200	-200
Nettó kostnaðarauki	4	33	28	115	249	234	219

<sup>\*)</sup> Hvert ár 2013-2016.

Fasteignir eru afskrifaðar um 2% á ári. Til einföldunar var miðað við að afskrifa heildarstofnverð fasteigna og lóða um 1,5% árlega (lóðir afskrifast ekki). Áhöld, innréttingar og tæki sem eru í stofnefnahag eru afskrifuð að meðaltali um 14% á ári. Reynt var að nálgast það að líftími dreifikerfis sé um 5 ár héðan í frá. Áhöld og tæki keypt frá 2007 eru afskrifuð um 10% árlega.

Keypt réttindi og framleiðsla eru látin halda sér út áætlunartímann.

### 4.2. Fjárfesting

Miðað er við að fjárfestingar verði að meðaltali 250 m.kr. á ári allt áætlunartímabilið.

Lóð við Vatnsenda er undanskilin við breytinguna án endurgjalds til RÚV. Þegar og ef til þess kemur að fjárfesta þurfi í nýjum útsendingarturni í stað núverandi masturs og aðstöðu á lóðinni er hér gert ráð fyrir að það verði RÚV að kostnaðarlausu.

### 4.3. Fjármögnun

Skuld RÚV við ríkissjóð og vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður gerð upp með skuldabréfi (annuitet) til 15 ára og á 5,5% vöxtum.

Gert er ráð fyrir því að skammtímakröfur nemi um  $\frac{1}{12}$  af veltu frá árslokum 2008.

Fyrir liggur að RÚV ohf. mun hefja rekstur með um 15% eiginfjárlutfalli.

#### 4.4. Ávöxtunarkrafa

Miðað er við 5,5% fjármagnskostnað bæði á langtímalánum og fjárförf. Þá er miðað við 7% ávöxtunarkröfu á eigið fé. Miðað við 15% eiginfjárhlutfall er veginn fjármagnskostnaður (WACC) skv. þessu 4,9%.

#### 4.5. Verðmat

Miðað við ofangreindar forsendur má stilla upp rekstrarreikningi og sjóðstreymi RÚV ohf. Félagið sýnir lítilsháttar hagnað frá árinu 2007. Þá getur félagið staðið við skuldbindingar sínar, en til staðar er fjármagnspörf sem m.a. væri hægt að mæta með því að lengja í skuldabréfinu frá ríkissjóði.

Rekstraráætlun gefur til kynna að rekstrarvirði félagsins sé 165 m.kr. umfram endurmetið eigið fé skv. drögum að stofnefnahagsreikningi.

Matsnefndin hefur farið yfir rekstraráætlun félagsins og þær forsendur sem hún byggir á. Á grundvelli þessa og þeirra sjónarmiða sem koma fram í bréfi útvarpsstjóra frá 14. nóvember 2006 og svarbréfi menntamálaráðuneytisins frá 17. nóvember s.á. má ráða að eiginlegur hagnaður af rekstri félagsins verði „mjög hóflegur“ enda ætlunin að ráðstafa hugsanlegum hagnaði til að auka og bæta þjónustu fyrirtækisins. Með öðrum orðum verður hagnaði hvorki ráðstafað til greiðslu á arði né honum varið til hækkunar á eigin fé. Þessi forsenda, þ.e. að fyrirtækið sé ekki rekið í ágóðaskyni (*non-profit*), skiptir sköpum í sambandi við mat á rekstrarvirði félagsins og þá niðurstöðu að viðskiptavild er aðeins metin á 165 m.kr.

## Rekstraráætlun RÚV ohf. 2007 – 2016 (í m.kr.)

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<b>REKSTRARTEKJUR</b>										
Tekjur .....	3.905	3.944	3.983	4.023	4.063	4.104	4.145	4.187	4.228	4.271
	<u>3.905</u>	<u>3.944</u>	<u>3.983</u>	<u>4.023</u>	<u>4.063</u>	<u>4.104</u>	<u>4.145</u>	<u>4.187</u>	<u>4.228</u>	<u>4.271</u>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>										
Dagskrárkostnaður .....	2.635	2.626	2.623	2.715	2.867	2.869	2.872	2.890	2.908	2.926
Sölu kostnaður .....	269	270	190	191	182	184	185	187	188	190
Dreifkerfi .....	186	188	190	193	195	197	200	202	205	207
Sameiginl. rek.kostn. auk Sí .....	380	382	385	388	390	393	396	399	402	405
Afskriftir .....	223	248	273	298	323	348	288	248	273	273
	<u>3.693</u>	<u>3.714</u>	<u>3.661</u>	<u>3.785</u>	<u>3.957</u>	<u>3.991</u>	<u>3.941</u>	<u>3.926</u>	<u>3.976</u>	<u>4.001</u>
<b>EBITDA .....</b>	<b>435</b>	<b>478</b>	<b>595</b>	<b>536</b>	<b>429</b>	<b>461</b>	<b>492</b>	<b>509</b>	<b>525</b>	<b>543</b>
Rekstrarafkoma án fjárm.liða .....	212	230	322	238	106	113	204	261	252	270
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJ.):</b>										
Vaxtatekjur .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld .....	( 214)	( 205)	( 198)	( 191)	( 187)	( 186)	( 185)	( 182)	( 178)	( 173)
	<u>( 214)</u>	<u>( 205)</u>	<u>( 198)</u>	<u>( 191)</u>	<u>( 187)</u>	<u>( 186)</u>	<u>( 185)</u>	<u>( 182)</u>	<u>( 178)</u>	<u>( 173)</u>
Rekstrarafkoma fyrir skatta .....	( 3)	25	124	47	( 80)	( 73)	19	78	74	97
Tekjuskattur .....	0	( 4)	( 22)	( 8)	0	0	0	0	( 3)	( 17)
<b>REKSTRARNIÐURSTAÐA .....</b>	<b>( 3)</b>	<b>21</b>	<b>102</b>	<b>39</b>	<b>( 80)</b>	<b>( 73)</b>	<b>19</b>	<b>78</b>	<b>71</b>	<b>80</b>

Út frá áætluðu frjálsum fjárflæði til fjárfesta og miðað við framangreindar forsendur fæst út að verðmæti rekstrar RÚV er 4.439 m.kr. Við það bætast 410 m.kr. sem er staða handbærs fjár 30. júní 2006 og frá dragast vaxtaberandi skuldir að fjárhæð kr. 4.009 m.kr. sem samanstanda af skuldum RÚV við LSR og lánastofnanir auk 491 m.kr. skuldar við ríkissjóð. Niðurstaðan er því að virði eigin fjár er 840 m.kr.

Virði rekstrar RÚV ohf. miðað við frjálst fjárflæði (í m.kr.)

Verðmæti rekstrar	4.439
Handbært fé 1.1.07	410
Vaxtaberandi skuldir 1.1.07	-4.009
Virði eigin fjár	<u>840</u>
Eigið fé skv. árshlutareikningi	-606
Endurmat eigna	724
Lækkun skulda	<u>557</u>
	675
Mism. á virði útreikn. eigin fjár og eigin fé (viðskiptavild) færð til hækkunar á dreifikerfi	<u>165</u>
Eigið fé 1.1.07	<u>840</u>

# Áætlaður efnahagur RÚV ohf. 2007 – 2016 (í m.kr.)

## EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>										
Varanlegir rekstrarfjármunir:										
Fasteignir og lóðir .....	3.209	3.160	3.111	3.062	3.013	2.964	2.915	2.866	2.817	2.768
Áhöld, tæki og innréttingar .....	1.147	1.197	1.222	1.222	1.197	1.147	1.157	1.207	1.232	1.257
Listaverk og hljóðfæri .....	93	93	93	93	93	93	93	93	93	93
Öfnislegar eignir .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Fasta fjármunir</b>	<b>4.449</b>	<b>4.450</b>	<b>4.426</b>	<b>4.377</b>	<b>4.303</b>	<b>4.204</b>	<b>4.165</b>	<b>4.166</b>	<b>4.142</b>	<b>4.118</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR:</b>										
Handbært fé .....	139	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtíma kröfur .....	325	329	332	335	339	342	345	349	352	356
Keypt réttindi og eigin framleiðsla .....	426	426	426	426	426	426	426	426	426	426
<b>Veltu fjármunir</b>	<b>890</b>	<b>755</b>	<b>758</b>	<b>761</b>	<b>765</b>	<b>768</b>	<b>771</b>	<b>775</b>	<b>778</b>	<b>782</b>
<b>EIGNIR SAMTALS</b>	<b>5.339</b>	<b>5.205</b>	<b>5.184</b>	<b>5.138</b>	<b>5.068</b>	<b>4.972</b>	<b>4.936</b>	<b>4.941</b>	<b>4.920</b>	<b>4.900</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR</b>										
<b>EIGIÐ FÉ:</b>										
Eigið fé .....	( 7)	12	112	149	68	( 7)	10	87	158	236
<b>Eigið fé</b>	<b>833</b>	<b>852</b>	<b>952</b>	<b>989</b>	<b>908</b>	<b>833</b>	<b>850</b>	<b>927</b>	<b>998</b>	<b>1.076</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR:</b>										
Langtímalán .....	3.321	3.125	2.930	2.735	2.539	2.344	2.149	1.953	1.758	1.563
Skuld við ríkissjóð .....	485	478	470	463	454	445	436	426	416	405
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	( 202)	( 203)	( 203)	( 204)	( 204)	( 205)	( 205)	( 206)	( 206)	( 207)
	3.603	3.400	3.197	2.993	2.789	2.585	2.379	2.174	1.967	1.760
<b>SKAMMTÍMASKULDIR:</b>										
Skuldir við láneystofnanir .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vilðskiptaskuldir .....	406	405	396	408	425	426	427	430	433	436
Ögr. kostn. og aðrar skammtímask. ....	295	295	288	296	309	310	311	313	315	317
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	202	203	203	204	204	205	205	206	206	207
Reiknað fjárförf .....	0	47	125	239	433	614	764	892	999	1.086
Reiknaðir skattar .....	0	3	22	8	0	0	0	0	2	17
	903	952	1.034	1.155	1.371	1.555	1.707	1.840	1.955	2.063
<b>Skuldir samtals</b>	<b>4.507</b>	<b>4.353</b>	<b>4.232</b>	<b>4.149</b>	<b>4.160</b>	<b>4.139</b>	<b>4.086</b>	<b>4.014</b>	<b>3.922</b>	<b>3.824</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b>	<b>5.339</b>	<b>5.205</b>	<b>5.184</b>	<b>5.138</b>	<b>5.068</b>	<b>4.972</b>	<b>4.936</b>	<b>4.941</b>	<b>4.920</b>	<b>4.900</b>
Eiginfjárhlutfall .....	15,6%	16,4%	18,4%	19,3%	17,9%	16,8%	17,2%	18,8%	20,3%	22,0%

Áætlað sjóðstreymi RÚV ohf. 2007 – 2016 (í m.kr.)

**SJÓÐSTREYMI**

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<b>HANDBÆRT FÉ (TIL) FRÁ REKSTRI:</b>										
Hagnaður (tap) skv. rekstrarreikningi .....	( 7)	19	101	37 (	82) (	75)	17	77	71	78
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:										
Afskrifir .....	224	249	274	299	324	349	289	249	274	274
Veltufé (til) frá rekstri	217	268	375	336	242	274	306	326	345	352
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:										
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....	37 (	3) (	3) (	3) (	3) (	3) (	3) (	3) (	3) (	4)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....	( 72)	2	4	6	22	2	2	5	7	20
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	( 36) (	1)	0	3	18 (	2) (	1)	2	3	17
Handbært fé (til) frá rekstri	181	267	375	339	260	273	305	327	348	369
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:</b>										
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:										
Fasteignir og lóðir .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Áhöld, tæki og innréttingar .....	( 250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250)
Listaverk og hljóðfæri .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250) (	250)
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:</b>										
Afborgun af langfimalánum .....	( 202) (	202) (	203) (	203) (	204) (	204) (	205) (	205) (	206) (	206)
Greiddur arður til hluthafa .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	( 202) (	202) (	203) (	203) (	204) (	204) (	205) (	205) (	206) (	206)
<b>HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ .....</b>	<b>( 271) (</b>	<b>186) (</b>	<b>78) (</b>	<b>114) (</b>	<b>193) (</b>	<b>181) (</b>	<b>150) (</b>	<b>128) (</b>	<b>107) (</b>	<b>87)</b>
<b>HANDBÆRT FÉ (FJÁRBÖRF) Í ÁRSBYRJUN .....</b>	<b>410</b>	<b>139 (</b>	<b>47) (</b>	<b>125) (</b>	<b>239) (</b>	<b>433) (</b>	<b>614) (</b>	<b>764) (</b>	<b>892) (</b>	<b>999)</b>
<b>HANDBÆRT FÉ (FJÁRBÖRF) Í ÁRSLOK .....</b>	<b>139 (</b>	<b>47) (</b>	<b>125) (</b>	<b>239) (</b>	<b>433) (</b>	<b>614) (</b>	<b>764) (</b>	<b>892) (</b>	<b>999) (</b>	<b>1.086)</b>